

Mál nr. 471/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Váttryggingartaki (X)

Skaðabótaábyrgð. Sveitarfélag.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 14. desember 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 20. desember 2023, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að tjón hafi orðið á fasteign í eigu M haustið 2022 af völdum vatns- og frárennislislagna sem fara í gegnum lóð M. M hafi keypt fasteignina árið 2018 og ætlað að fara í framkvæmdir á lóðinni haustið 2022. Hafi M haft samband við verktaka sem skoðað hafi aðstæður og vakið athygli á því að verulegt vatn væri á lóðinni. Hafi vinnuvél verktakans sokkið strax niður. Hafi verið farið í það að finna orsök bleytunnar. Grafið var frá skólplögn og komið hafi í ljós að stofnlögn var ónýtt, lek og í sundur/óþétt á mörgum stöðum. Hafi M látið starfsmann sveitarfélagsins vita tafarlaust og óskað eftir útbótum á stofnlögninni. Framkvæmdum M við lóðina hafi verið frestað vegna þessa. Enginn af hálfu sveitarfélagsins hafi mætt á vettvang. Hafi M tilkynnt tjón sitt til V sem er váttryggingafélag X og hafi V hafnað bótaskyldu með afstöðubræfi þann 4. júlí 2023 á grundvelli þess að lögnin hafi verið í fullkomnu lagi áður en M hafi farið í framkvæmdir á lóðinni og hafi M sjálfur skemmt lögnina þegar hann fór í framkvæmdir. M telur þessa afstöðu V ranga og krefst þess að viðurkennd verði skaðabótaskylda úr frjálstri ábyrgðartryggingu sveitarfélagsins. Vísar M máli sínu til stuðnings til yfirlýsingar verktaka dags. 17. júlí 2023 þar sem fram komi lýsing á ástandi lagnarinnar þegar grafið var frá henni. Hafi umræddu gagni ekki verið hnekkt. Vísar M máli sínu til stuðnings til nánar tilgreinda ákvæða laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna. Telur M sig hafa orðið fyrir tjóni, annars vegar vegna tjóns á lóð og svo hins vegar vegna halla á húsi. Telur M ljóst að stofnlögnin hafi verið ónýtt áður en framkvæmdir hófust. Vísar M til dóms Landsréttar í máli nr. 744/2021 máli sínu til stuðnings.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X þar sem ekki megi rekja atvikið til atriða sem X ber skaðabótaábyrgð á. Fasteign M hafi hallað í áratugi og það sé öllum ljóst sem sjá húsið. Lögnin sem um er rætt hafi virkað og ekki verið talið að þyrfti að fara í neinar framkvæmdir á henni fyrr en framkvæmdir hófust á lóðinni. Lögnin fór í sundur við þær framkvæmdir og enginn ágreiningur sé um það. Hins vegar er það afstaða V að ekkert í málinu bendi til sakar X en lögnin hafi farið í sundur við framkvæmdir á lóðinni og í kjölfarið hafi þurft að skipta henni út og var það gert. Það eitt og sér skapi X ekki skaðabótaskyldu enda virkaði lögnin áður en framkvæmdir hófust og hafði ekki verið talið að þyrfti að fara í endurbætur á henni enda engar kvartanir komið fram vegna umræddrar lagnar fyrir þessar framkvæmdir. Ekki sé farið í framkvæmdir á slíkum lögnum nema grunur sé um að eitthvað sé að. Halli hússins hafi ekkert með umrædda stofnlögn að gera, það hafi einfaldlega ekki verið byggt á nægilega góðum grunni upphaflega. Bendir V á það að vatn renni undan halla og að húsið standi ofar en lögnin.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um skaðabótaábyrgð X vegna tjóns á fasteign M, en af gögnum málsins má ráða að í ljós hafi komið gat á stofnlögn sem staðsett er á lóð fasteignar M. Greinir aðila málsins á um það hvort lögnin hafi verið skemmd og lekið áður en M hóf framkvæmdir á lóð sinni eða hvort lögnin hafi skemmst við framkvæmdirnar sjálfar líkt og V heldur fram í afstöðu sinni. Hefur M lagt fram ýmiss gögn máli sínu til stuðnings en þau bera ekki með sér að X eða starfsmenn þess hafi vitað eða mátt vita að leki væri kominn að lögninni áður en framkvæmdir M hófust, hafi svo háttað til. Þá hefur M ekki lagt fram nein gögn því til stuðnings að tjón á lóð hans eða húseign sem þar er staðsett megi rekja til meints leka frá umræddri lögn. Til þess að skaðabótaábyrgð X geti verið fyrir hendi verður M að sýna með óyggjandi hætti fram á mögulega saknæma háttsemi starfsmanna X eða önnur atvik eða aðstæður sem X ber ábyrgð á þar sem ekki er kveðið á um hlutlæga bótaábyrgð X í lögum. Hefur sú sönnun ekki

tekist og verður því ekki talið að tjón á lóð eða húseign M verði rakið til atvika eða aðstæðna sem sveitarfélagið X ber skaðabótaábyrgð á og á M því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu sveitarfélagsins X hjá V.

Reykjavík, 6. febrúar 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir